



Spurningar til umhugsunar fyrir starfsmannasamtal

Eintak starfsmanns

Eftirfarandi málaflokkar eru settir fram sem viðmið til að vinna með í starfsmannasamtali. Við hvern málaflokk hefur verið varpað fram nokkrum spurningum til leiðsagnar fyrir þig til að ræða starf þitt, hvað þú gerir vel og hvað þú mættir bæta, vinnustaðinn, líðan, samskipti, starfsþróun, fræðsluþarfir og fleira. Þeim er þó alls ekki ætlað að takmarka umræðuna. Svaraðu í huganum og helst skriflega einhverjum spurningum við hvern málaflokk áður en þú ferð í starfsmannasamtal. Þér er ekki skylt að svara öllum spurningunum en gott er að íhuga þær allar og nota sem grunn í samtalinu. Mikilvægt er að undirbúningurinn fyrir samtalið verði sem bestur því hann er lykilatriði í því að samtalið verði árangursríkt. Þá skiptir miklu að þú leitist við að koma með góðar hugmyndir til úrlausnar málum. Einnig er mjög gott að setja sér skrifleg markmið.

Ef þú hefur fleiri atriði í huga sem ekki koma fram á þessu blaði en þú telur að muni koma að gagni við að bæta starf þitt og vinnustaðinn skaltu endilega koma þeim á framfæri í samtalinu.

Verkefna- og ábyrgðarsvið:

- ◆ Hvernig er verkefnastaðan hjá þér?
- ◆ Ertu sátt/sáttur við þau verkefni sem þú sinnir?
- ◆ Hvernig gengur þér að leysa þau verkefni sem þér eru falin?
- ◆ Hvað hefur helst áhrif á það hvernig þér tekst til í starfi?
- ◆ Hvað í starfinu virkar hvetjandi / letjandi á þig?

Starfsmaðurinn:

- ◆ Hverjir eru styrkleikar þínir í starfi? Hvað finnst þér þú gera vel?
- ◆ Hverjir eru veikleikar þínir í starfi? Hvað finnst þér þú mega gera betur?
- ◆ Veistu til hvers er ætlast af þér í starfi?
- ◆ Finnst þér framlag þitt metið að verðleikum?
- ◆ Ertu sátt(ur) við frammistöðu þína í starfi?

Vinnustaðurinn og vinnuástaða:

- ◆ Hvernig líður þér þegar þú kemur til vinnu?
- ◆ Hvernig líður þér eftir vinnudaginn?
- ◆ Hvernig finnst þér starfsandinn?
- ◆ Er starfsánægja ríkjandi á þínum vinnustað?
- ◆ Ríkir tillitssemi og virðing á þínum vinnustað?

Samskipti á vinnustað:

- ◆ Hvernig eru samskipti þín við nánasta yfirmann?
- ◆ Hvernig eru samskipti þín við aðra stjórnendur?
- ◆ Hvernig eru samskipti þín við aðra starfsmenn, bæði í og utan vinnutíma?
- ◆ Átt þú góðan vin í vinnunni?
- ◆ Hvernig líður þér í vinnunni?

Stjórnun:

- ◆ Er aðgengi að stjórnendum nægjanlegt?
- ◆ Telur þú þig fá nauðsynlegar upplýsingar til að sinna starfi þínu?
- ◆ Eru stjórnendur opnir fyrir tillögum og athugasemdum?
- ◆ Láta stjórnendur sér ann um vellíðan starfsfólksins?
- ◆ Færð þú endurgjöf á frammistöðu þína frá nánasta yfirmanni eða öðrum?

Starfsþróun og fræðsluþarfarir:

- ◆ Finnst þér þekking þín og hæfileikar nýtast vel í starfi?
- ◆ Þarfnast þú frekari leiðsagnar eða stuðnings vegna starfs þíns?
- ◆ Telur þú þörf á að bæta kunnáttu þína frekar á einhverjum sviðum?
- ◆ Hver er framtíðarsýn þín í starfi?
- ◆ Hefur þú sett þér einhver markmið?